



Borgarráð

Samninganefnd Reykjavíkurborgar

Hjálögð drög að erindisbréfi samninganefndar Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar.

Samninganefndin starfar í umboði borgarstjóra sem setur henni erindisbréf en borgarráð fól borgarstjóra hinn 28. febrúar 1989 að fara með samningsumboð Reykjavíkurborgar og annast samningsgerð f.h. Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna. Samninganefnd hefur það hlutverk að koma að undirbúningi kjarasamningsviðræðna við viðsemjendur, koma að vinnu í samningsviðræðum eftir faghópum og sinna verkefnum samstarfsnefnda stéttarfélaga á gildistíma kjarasamninga.

Í ljósi skipulagsbreytinga á stjórnslu Reykjavíkurborgar er lögð fram tillaga að breytingu á skipan samninganefnd Reykjavíkurborgar. Með skipan nefndarinnar er fyrri samninganefnd Reykjavíkurborgar leyst undan störfum.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið tók til starfa 1.júní sl. og samkvæmt samþykkt borgarráðs hefur sviðið yfirumsjón með mannaúsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Hlutverk þessa nýja kjarnasviðs er að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd mannaússtefnu, tryggja samræmi í framkvæmd, veita stjórnendum ráðgjöf og annast gerð kjarasamninga. Sviðið skiptist í fjórar einingar og ein þeirra er skrifstofa kjaramála. Helstu verkefni skrifstofu kjaramála er m.a. gerð kjarasamninga, fyrirsvar Reykjavíkurborgar gagnvart stéttarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins og kostnaðarmat kjarasamninga.

Þær breytingar hafa jafnframt átt sér stað að Lóa Birna Birgisdóttir efur tekið við starfi sviðsstjóra mannaúðs- og starfsumhverfissviðs og Ragnhildur Ísaksdóttir skrifstofustjóri hefur látið af störfum hjá Reykjavíkurborg.

Vegna ofangreindra breytinga er lögð fram sú tillaga að samninganefnd borgarinnar verði skipuð öllum fjórum starfsmönnum skrifstofu kjaramála ásamt mannauðsstjórum fagsviða og sérfræðingur skóla- og frístundasviðs væri starfsmaður nefndarinnar og kæmi að kjarasamningum kennara. Rökin fyrir þessari breytingu eru sú að megin verkefni skrifstofu kjaramála eru gerð kjarasamninga og snúa meginverkefni allra starfsmanna/starfa skrifstofunnar að kjaramálum og kjarasamningum. Við þessa breytingu er þó ekki er gert ráð fyrir sama vinnuframlagi allra fulltrúa í samningarnefnd. Starfsmenn skrifstofu kjaramála hefðu það hlutverk að skipa viðræðunefnd borgarinnar og myndu sinna öllum samningafundum við viðsemjendur. Mannauðsstjórar fagsviða kæmu að undirbúningsvinnu fyrir kjarasamningaviðræður og kæmu síðan að viðræðum við stéttarfélög eftir fagsviðum. Þannig myndi mannauðsstjóri fagsviðs taka þátt í samningafundum/vinnufundum sem snúa að þeim starfshópum sem starfa á fagsviðinu. Mannauðsstjórar fagsviða myndu jafnframt sitja í samstarfsnefndum stéttarfélaganna og sinna þeirri vinnu á gildistíma kjarasamninga. Með þessum hætti yrði vinna með stéttarfélögum markvissari og skilvirkari.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Drög að erindisbréfi samninganefndar Reykjavíkurborgar.

ERINDISBRÉF

Samninganefnd Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Samninganefndin starfar í umboði borgarstjóra sem setur henni erindisbréf en borgarráð fól borgarstjóra hinn 28.febrúar 1989 að fara með samningsumboð Reykjavíkurborgar og annast samningsgerð f.h. Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttfélög starfsmanna.

Hlutverk og helstu verkefni:

Samninganefnd hefur það hlutverk að koma að undirbúningi kjarasamningsviðræðna við viðsemjendur, koma að vinnu í samningsviðræðum eftir faghópum og sinna verkefnum samstarfsnefnda stéttarfélaganna á gildistíma kjarasamninga.

Starfshópurinn er tvískiptur: viðræðunefnd og samninganefnd.

Samninganefnd hefur það hlutverk að vinna að kjarasamningagerð við viðsemjendur Reykjavíkurborgar og leggja tillögur fyrir borgarstjóra. Útfæra stefnu og vinnulag gagnvart hverjum samningsaðila.

Viðræðunefnd hefur það hlutverk að sinna allri kjarasamningsgerð og sitja alla samningafundi við viðsemjendur.

Starfshópurinn skipa:

Harpa Ólafsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu kjaramála, formaður.

Rakel Guðmundsdóttir, lögfræðingur skrifstofu kjaramála, varaformaður.

Kolbeinn Guðmundsson, sérfræðingur á skrifstofu kjaramála.

Íris Jóhannesdóttir, sérfræðingur á skrifstofu kjaramála.

Ofantaldir aðilar skipa viðræðunefnd Reykjavíkurborgar.

Anna Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri velferðarssviðs.

Ásdís Ásbjörnsdóttir, mannauðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Baldur Örn Arnarson, mannauðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs.

Margrét Grétarsdóttir, mannauðsstjóri íþrótt- og tómstundasviðs.

Ragnheiður E Stefánsdóttir, mannauðsstjóri skóla- og frístundarsviðs.

Ofantaldir aðilar ásamt viðræðunefnd skipa samninganefnd Reykjavíkurborgar.

Með skipan nefndarinnar er fyrri samninganefnd Reykjavíkurborgar leyst undan störfum.

Starfsmaður:

Með samninganefnd starfi Haukur Þór Haraldsson sérfræðingur á skóla- og frístundarsviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Samninganefnd starfi til loka kjörtímabilsins eða þar til hún verður leyst undan störfum.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

DRÖG